

SAMÞYKKT

um búfjárhald í Fjallabyggð.

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Tilgangur samþykktar þessarar er að tryggja sem best skipulag, stjórn og eftirlit með búfjárhaldi í Fjallabyggð, koma í veg fyrir ágang búfjár á lóðir bæjarbúa og gæta þess að hús fyrir búpening og önnur aðstaða sé þrífaleg og í samræmi við vilja bæjarstjórnar og gildandi lög hverju sinni.

2. gr.

Markmið og gildissvið.

Umsjón með málefnum varðandi búfjárhald, í umboði bæjarstjórnar, er í höndum skipulags- og umhverfisnefndar Fjallabyggðar og búfjárefntirlitsmanna, að svo miklu leyti sem hún er ekki öðrum falin að lögum. Afgreiðsla skipulags- og umhverfisnefndar er háð staðfestingu bæjarstjórnar.

3. gr.

Takmörkun á búfjárhaldi og skilyrði.

Búfjárhald (s.s. alifugla, geita, hrossa, kanína, loðdýra, nautgripa, sauðfjár og svína) er óheimilt í Fjallabyggð utan lögbýla, nema með leyfi bæjarstjórnar að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- a) að umráðamaður búfjár hafi fullnægjandi aðstöðu til þess að halda búfé, bæði hvað varðar húsakost, beitarland og fóður og að aðstaðan sé innan marka svæðis þar sem gert er ráð fyrir búfjárhaldi á skipulagi. Búfjárefntirlitsmaður skal fylgjast með því að reglur þessar séu haldnar;
- b) að aðbúnaður búfjár og meðferð þess sé jafnan í fyllsta samræmi við ákvæði laga og reglugerða um búfjárhald og dýravernd. Þá er umráðamanni búfjár skylt að hlíta hvers konar fyrirmælum um hreinlæti og heilbrigðishætti. Heilbrigðisfulltrúi fylgist með því að reglur þessar séu haldnar;
- c) að búfé sé ávallt í öruggri vörslu umráðamanns þess, sbr. 7. gr.;
- d) að umsækjandi hafi ekki orðið uppvís að brotum sem varða sviptingu leyfis til búfjárhalds í tvö ár fram að veitingu leyfisins;
- e) að umsækjandi hafi ekki verið sviptur leyfi til dýrahalds með dómi fyrir brot á lögum um dýravernd nr. 15/1994, sbr. refsheimildir í 20. gr. laganna. Farið skal að niðurstöðu dómsins varðandi það hvort og hvenær viðkomandi getur hafið búfjárhald að nýju.

4. gr.

Búfjárhald á lögbýlum.

Umráðamenn búfjár sem haldið er á lögbýlum þurfa ekki að sækja um leyfi til búfjárhalds. Skilyrði til búfjárhalds skv. 3. gr. skulu þó vera uppfyllt til að búfjárhald teljist leyfilegt.

5. gr.

Leyfisveiting.

Sá sem hefur í hyggju að halda búfé samkvæmt 3. gr. skal sækja um leyfi til bæjarstjórnar, sem tekur afstöðu til umsókna að fenginni tillögu skipulags- og umhverfisnefndar.

Telji bæjarstjórn skilyrðum 3. gr. fullnægt, skal hún veita leyfi til búfjárhalds.

Leyfi til búfjárhalds skuldbindur ekki bæjarfélagið til að sjá leyfishöfum fyrir beitilandi eða annarri aðstöðu til búfjárhalds.

6. gr.

Leyfi til búfjárhalds.

Leyfi til búfjárhalds skal gefið út á nafn og kennitölu umsækjanda til þriggja ára í senn og er ekki framseljanlegt. Í leyfisbréfi skal koma fram til hvaða tegunda búfjár leyfið nær.

Óski umráðamaður búfjár að halda annan búfénað en þann sem um getur í leyfisbréfi, eða ef óskað er yfirtöku búfjárhalds sem leyfi hefur verið gefið fyrir, skal sótt um nýtt leyfi.

7. gr.

Lausaganga búfjár og handsömun.

Lausaganga búfjár er óheimil í þéttbýli innan Fjallabyggðar. Þéttbýlissvæðin eru í Siglufirði og á Ólafsfirði.

Fjallabyggð skuldbindur sig að tryggja sem best að girðingar um þéttbýlissvæðin séu fjárheldar skv. reglugerð um girðingar nr. 748/2002.

Búfé sem gengur laust, skal handsama og koma í vörslu búfjárefirlitsmanns. Eiganda skal tilkynnt um gripi sína með sannanlegum hætti og gert að sækja þá og greiða áfallinn kostnað, svo sem tjón og kostnað við handsömun. Hafa skal hliðsjón af ákvæðum í 7. gr. laga um búfjárhald nr. 103/2002 og 59. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, með síðari breytingum.

8. gr.

Viðurlög við brotum.

Alvarleg eða endurtekin brot gegn samþykkt þessari geta varðað sviptingu leyfis til búfjárhalds í sveitarfélaginu hvort sem um er að ræða leyfisskylt búfjárhald skv. 3. gr. eða búfjárhald á lögbýli skv. 4. gr.

Fyrirgeri búfjáreigandi rétti sínum til búfjárhalds skv. 1. mgr. eða ef búfjáreigandi verður uppvís að óleyfilegu búfjárhaldi skal gripum hans ráðstafað í samræmi við ákvæði 16. gr. laga um búfjárhald nr. 103/2002, að undangenginni aðvörun.

Alvarleg brot gegn samþykkt þessari geta varðað sektum eða fangelsi, sbr. 18. gr. laga um búfjárhald nr. 103/2002. Með slík brot skal farið samkvæmt ákvæðum laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

9. gr.

Samþykkt og gildistaka.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Fjallabyggðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum um búfjárhald nr. 103/2002, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Ákvæði til bráðbirgða.

Þeir sem við gildistöku þessarar samþykktar hafa í umsjá sinni búfé sem fellur undir ákvæði hennar skulu innan tveggja mánaða frá gildistöku tilkynna búfjárhald sitt og sækja um leyfi fyrir því. Búfénaður, sem ekki hefur verið sótt um leyfi fyrir að þeim tíma liðnum, skal handsamaður á kostnað eiganda og honum ráðstafað skv. ákvæðum 2. mgr. 8. gr.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 31. janúar 2011.

F. h. r.

Kristinn Hugason.

Arnór Snæbjörnsson.